



*Grunnskóli Húnaþings vestra
Hvammstanga*

Starfsáætlun 2024-2025



Góður skóli – Gjöful framtíð

Grunnskóli Húnaþings vestra
Kirkjuvegi 1
530 Hvammstangi



Grunnskóli Húnaþings vestra
Kirkjuvegur 1
530 Hvammstangi

Heimasíða: <https://grunnskoli.hunathing.is/is>

Facebooksíða skólans: <https://www.facebook.com/profile.php?id=100051512777113>

Sími: 455-2900

Netfang: grunnskoli@skoli.hunathing.is

Skrifstofa skólans er opin
mánudaga - föstudaga kl. 7:50 - 15:00

Önnur símanúmer:

Frístund: 895-2915

Skilaboðaskjóða: 871-2900



Inngangur	6
Um Grunnskóla Húnaþings vestra	7
Stjórnskipulag skólans	8
Skipurit	8
Stjórnendur	8
Starfólk skólaárið 2024-2025	9
Umsjónarkennarar skólaárið 2024-2025	9
Hagnýtar upplýsingar	10
Ritari	10
Forföll/leyfi nemenda	10
Skólasókn nemenda	10
Ýmsar magntölur	11
Mötuneyti	11
Skólaakstur	12
Óveður	12
Námsgögn	12
Frístund	12
Móttaka nýrra nemenda	12
Reglur um skólavist fósturbarna í leik- og grunnskóla í Húnaþingi vestra	12
Móttaka nemenda í 1. bekk / samskipti við leikskóla	13
Móttaka nýrra íslendinga	13
Frímínútur	13
Slysatrygging skólabarna	13
Þjófnaður og skemmdir	13
Menntastefna - aðgerðaráætlun	13
Skólastarfið	14
Mat á skólastarfinu	14
Endurmenntun starfsfólks	14
Skipulag og ábyrgð	14
Kennsluaðferðir	14
Stuðningur	15
Markmið námsgreina og námsþátta	15
Skipulag og viðburðir	15
Nemendafjöldi	15
Skólatími	15
Skóladagatal	15
Viðmiðunarstundaskrá	16



Stundaskrár nemenda	16
Starfsáætlun nemenda	17
Valgreinar	19
Bekkjarmyndir	19
Árshátíð	19
Söngvarakeppni	19
Morgunsöngur	20
Ólympíuhlaup ÍSÍ	20
Skólabúðadvöl	20
Ferðalög nemenda	20
Skólaheimsókn / íþróttadagur / valgreinadagar	20
Framsagnarkeppni	20
Nemendadagur	20
Vordagar	21
Skólaslit – viðurkenningar	21
Lestrarnám	21
Sérstakar áherslur í skólastarfi skólaárið 2024-2025	21
Námsmat	21
Formlegt mat	21
Óformlegt mat	21
Námsmat	21
Vitnisburðarbækur	21
Upplýsingaskýlda	22
Samstarf heimila og skóla	22
Foreldrafélag	22
Stoðþjónusta	22
Um stoðþjónustu skólans	22
Ráðgjafi	22
Skólahjúkrun	23
Sálfræðiþjónusta	23
Félagsþjónusta	23
Ráð, nefndir og reglur	23
Yfirstjórn skólans	23
Fræðsluráð	23
Skólaráð	24
Nemendaverndarráð	24
Nemendaráð	24
Skólareglur	24



Viðbrögð við agabrotum	24
Síma- og snjalltækjareglur	24
Áætlanir	25
Eineltisáætlun	25
Áfallaáætlun	25
Árvekni- og viðbragðsáætlun skólans v. ofbeldis	25
Rýmingaráætlun	25
Mannauðsstefna	25
Endurmenntunarstefna	25
Samstarfsaðilar	26
Félagsmiðstöð / tómstundafulltrúi	26
Tónlistarskóli	26
Íþróttafélög	26
Lögreglan	26
Kirkjan	26
Leikskóli	26
Framhaldsskóli	26
Ráðningar	27
Tilkynningaskylda til barnaverndarnefnda	27
Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna	27
Eyðublöð	27



Inngangur

Samkvæmt 29. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð starfsáætlunar og annarra hluta skólanámskrár og skal semja þær í samráði við starfsfólk skólans. Hér í þessu riti er birt starfsáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra skólaárið 2023-2024.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um stjórnkerfi og starfslið skólans ásamt almennum hagnýtum upplýsingum um skólahlald hvers skólaárs. Árlega er starfsáætlunin endurskoðuð, breytt og bætt eftir nýjum áherslum og námsefni.

Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahlalds. Nánari upplýsingar um skólann eru á [heimasíðu](#) skólans.

Eydís Bára Jóhannsdóttir,
skólastjóri



Um Grunnskóla Húnaþings vestra

Grunnskóli Húnaþings vestra var stofnaður árið 2000 með sameiningu Barnaskóla Staðarhrepps, Grunnskóla Hvammstanga, Laugarbakkaskóla og Vesturhópsskóla.

Skólinn var aldursskiptur á þann hátt að 1.-4. bekk var kennt á Hvammstanga og Borðeyri en 5.-10. bekk á Laugarbakka til haustsins 2014.

Frá haustinu 2014 -2017 var öllum nemendum kennt á Hvammstanga, en á mánudögum til miðvikudaga var nemendum í 1. - 4. bekk í fyrrum Bæjarhreppi kennt á Borðeyri.

Frá haustinu 2017 hefur öllum nemendum verið kennt á Hvammstanga.

Þann 5. mars árið 2020 var tekin fyrsta skóflustunga að viðbyggingu við skólann en formlegur undirbúningur hófst árið 2017. Nýja viðbyggingin hýsir einnig tónlistarskóla Húnaþings vestra. Fyrsti hluti viðbyggingar var tekinn í notkun haustið 2021 og tónlistarskólinn tók til starfa í nýrri byggingu í október 2021. Á vordögum 2022 var svo öll viðbyggingin tekin í notkun.

Með viðbyggingunni hefur starfsumhverfi nemenda og kennara gjörbreyst til batnaðar og með þessu skapast tækifæri til aukins samstarfs milli grunn- og tónlistarskóla. Fristundin fékk loksins eigið rými auk þess sem tækifæri gafst til að setja upp enn betra rými fyrir list- og verkgreinakennslu.

Markmið skólans er að allir hagsmunaaðilar fái að koma að stefnumörkun skólans með fjölpættum leiðum s.s. í gegnum nemendaráð og skólaráð. Til að vinna að þessum markmiðum er starfandi matsteymi sem fundar vikulega.

Sérstaða Grunnskóla Húnaþings vestra felst fyrst og fremst í eftirfarandi þáttum:


- Góður stuðningur við nemendur með stoðþjónustu og stuðningsfulltrúum.
- Móttaka fósturnemenda.
- Samstarf við skólana í Austur Húnavatnssýslu um endurmenntun starfsfólks.
- Valgreinadagar á unglingastigi í samstarfi við grunnskólana í Austur Húnavatnssýslu.
- Samstarf við leikskólann Ásgarð.
 - Skólahópur kemur reglulega í heimsókn yfir skólaárið
 - Bókadagur og umhverfisdagur eru sameiginlegir hjá leik- og grunnskóla
- Söngvarakeppni og árshátíð gert hátt undir höfði.
- Morgunsöngur einu sinni í viku
- Árviss danskennsla fyrir alla árganga.
- Samstarf við tónlistarskóla í sömu byggingu.
- Samstarf við íþróttá- og tómstundafélög.
- Þátttaka nemenda í atvinnulífi héraðsins.
- Föstudagsmolinn - fréttabréf grunnskólans sent út vikulega.
- Jákvæður agi.
- ART - fastmótað uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja óæskilega hegðun og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda.
- PEERS - félagsfærniþjálfun
- Aukin áhersla á teymisvinnu og -kennslu.
- Aukin áhersla á leiðsagnarnám.



Stjórnskipulag skólans

Skólastjóri er samkvæmt lögum forstöðumaður grunnskóla. Skólastjóri ber ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og veitir honum faglega forystu. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill hans. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri stýra skólahaldi, sinna daglegum rekstri, starfsmannahaldi og samskiptum við foreldra og aðila utan skólans. Þeir starfa í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og árlegar fjárveitingar til skólans.

Skipurit



Stjórnendur

Eydís Bára Jóhannsdóttir, skólastjóri, netfang eydisbara@skoli.hunathing.is

Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir, aðstoðarskólastjóri, netfang gudrunstei@skoli.hunathing.is,



Starfólk skólaárið 2024-2025

Nafn:	Starf:	Nafn:	Starf:
Aðalsteinn Grétar Guðmundsson	Kennari og umsjónarmaður tæknimála	Laura Ann Howser	Kennari
Anna Heiða Ragnarsdóttir	Skólaliði	Magnús V. Eðvaldsson	Kennari
Berglind Guðmundsdóttir	Kennari	Malin M. Persson	Stuðningsfulltrúi
Borghildur H. Haraldsdóttir	Stuðningsfulltrúi/leiðbeinandi	Margrét Hrönn Björnsdóttir	Kennari
Dagrún Sól Barkardóttir	Leiðbeinandi í fæðingarorlofi	María Pétursdóttir	Stuðningsfulltrúi
Elisabet L. Sigurðardóttir	Skólaliði	Pálmi Geir Ríkhartsson	Kennari
Ellen Mörk Björnsdóttir	Kennari	Ragnheiður Sveinsdóttir	Sérkennari
Ellý Rut Halldórsdóttir	Leiðbeinandi	Rakel Runólfsdóttir	Kennari
Eydís Bára Jóhannsdóttir	Skólastjóri	Rannvá Björk Þorleifsdóttir	Stuðningsfulltrúi í fæðingarorlofi
Eydís Ósk Indriðadóttir	Kennari	Rannveig Erla Magnúsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Fanney Dögg Indriðadóttir	Ráðgjafi	Sara Ólafsdóttir	Kennari
Fjóla Þórisdóttir	Stuðningsfulltrúi	Sigríður Elva Ársælsdóttir	Ritari
Guðrún Adela Salberg Dánjalsdóttir	Starfsmaður í frístund	Sigrún Eva Þórisdóttir	Matráður
Guðrún Helga Magnúsdóttir	Leiðbeinandi í fæðingarorlofi	Sólrún Guðfinna Rafnsdóttir	Kennari
Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	Stefanía Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Gunnar Leifsson	Kennari	Sveinn Ingi Bragason	Umsjónarmaður mannvirkja
Harpa Rakel Hallgrímsdóttir	Kennari	Valdimar H. Gunnlaugsson	Stuðningsfulltrúi/stundakennari
Ingveldur Ása Konráðsdóttir	Þroskafjálfi	Valdís Auður Arnardóttir	Umsjónarmaður frístundar
Jóhann Albertsson	Kennari	Víktor Ingi Jónsson	Leiðbeinandi
Jóhanna Maj Júlíusdóttir Lundberg	Leiðbeinandi	Ylfa Jean Adele Ómarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Kristín Karólína Bjarnadóttir	Leiðbeinandi	Þorbjörg Valdimarsdóttir	Kennari
Kristín Ólöf Þórarinsdóttir	Kennari		

Umsjónarkennarar skólaárið 2024-2025

Bekkur	Umsjónarkennari
1. bekkur	Ellý Rut Halldórsdóttir
2. bekkur	Guðrún Helga Magnúsdóttir í fæðingarorlofi/Borghildur H. Haraldsdóttir leysir Guðrúnu Helgu af
3. bekkur	Dagrún Sól Barkardóttir í fæðingarorlofi/Jóhanna Maj Júlíusdóttir Lundberg leysir Dagrúnu Sól af
4. bekkur	Harpa Rakel Hallgrímsdóttir
5. bekkur	Margrét Hrönn Björnsdóttir
6. bekkur	Víktor Ingi Jónsson/Jóhanna Maj Júlíusdóttir Lundberg leysir Víktor af frá mars og út skólaárið
7. bekkur	Rakel Runólfsdóttir
8. bekkur	Þorbjörg Valdimarsdóttir
9. bekkur	Sara Ólafsdóttir
10. bekkur	Sólrún Guðfinna Rafnsdóttir



Hagnýtar upplýsingar

Skólastjóri: Eydís Bára Jóhannsdóttir, sími: 455-2919

Aðstoðarskólastjóri: Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir, sími: 455-2915

Ritari

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:50-15:00 mánudaga-föstudaga. Skólaritari er Sigríður Elva Ársælsdóttir. Hægt er að hafa samband við skrifstofu ef koma þarf skilaboðum til nemenda, kennara eða annars starfsfólks. Sími skólans er 455-2900. Einnig er hægt að hafa samband á netfangið grunnskoli@skoli.hunathing.is eða ritari@skoli.hunathing.is.

Forföll/leyfi nemenda

Öll veikindi þarf að tilkynna að morgni skóladags til umsjónarkennara eða ritara annað hvort símleiðis, með tölvupósti eða í Mentor. Einnig þarf að tilkynna viðkomandi skólabílstjóra um fjarveru nemanda. Umsjónarkennari getur gefið leyfi í 1-2 daga en ef þarf að biðja um lengra leyfi þarf að sækja um það rafrænt í gegnum [heimasíðu](#) skólans.

Sú röskun á námi nemanda sem hlotist getur af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra eða forráðamanna sbr. 15. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 en þar segir:

Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Skólasókn nemenda

Foreldrar eru ábyrgir fyrir mætingum og ástundun barna sinna í skóla. Þrepakerfi varðandi fjarvistir má finna í skólareglum sem hægt er að nálgast í gegnum [heimasíðu](#) skólans.



Ýmsar magntölur

Eftirfarandi tölur lýsa stöðu mála við upphaf skólaárs.

	21-22	22-23	23-24	24-25
Fjöldi nemenda	147	138	138	123
Fjöldi úthlutaðra kennslustunda	446	446	446	475
Fjöldi úthlutaðra k.st.pr.nem.	3	3,2	3,2	3,86
Fjöldi deilda	10	10	10	10
Meðaltal nemenda í deild	14,7	13,8	13,8	12,3
Fjöldi nem. pr.stöðug. í kennslu	8,7	8,2	7,7	6,6
Fjöldi stöðugilda við stjórnun	2	2	2	2
Fjöldi stöðugilda í kennslu	16,8	16,8	17,85	18,65
Staða leiðsagnarkennara			0,2	0,2
Hlutfall réttindakennara (%)	80%	75%	80%	74%
Stöður stuðningsfulltrúa	9,8	8	7	5
Stöður skólaliða	2	2,5	0,5	1
Stöður í ums. frístundar	0,5	0,5	0,5	0,5
Stöður í íþróttahúsi	0	0	0	0
Stöður í eldhúsi	1	1,36	1,36	1,36
Stöður húsvarða	1	1	1	1

Mötuneyti

Öllum grunnskólanemendum í Húnaþingi vestra stendur til boða að fá heita máltíð í hádeginu og eru skólamáltíðir gjaldfrjálsar og á það við um morgunhressingu og hádegismat. Greiða þarf fyrir síðdegishressingu samkvæmt [gjaldskrá](#) Húnaþings vestra. Gert er ráð fyrir að allir nemendur snæði hádegisverð í mötuneyti skólans en ef foreldrar hafa óskir um annað þurfa þeir að hafa samband við skólastjórnendur.



Skólaakstur

Nemendur í dreifbýlinu eru allir í daglegum akstri og þurfa foreldrar og nemendur að fylgjast með ferðum skólabíls svo nemandinn sé tilbúinn þegar hann ber að garði. Nánari upplýsingar um skólaakstur má finna [hér](#).

Óveður

Ef veður er slæmt og ekki hefur komið tilkynning frá skóla um að skólahald falli niður verða foreldrar sjálfir að meta hvort þeir treysta börnum sínum í skólann. Slík forföll ber þó að tilkynna til skólans.

Verklag vegna aflýsingar á skólahaldi eða skólaaksturs má finna á [heimsíðu](#) skólans.

Námsgögn

Kennarar og foreldrar verða að brýna fyrir nemendum nauðsyn þess að fara vel með bækur skólans, glata þeim ekki og skila strax eftir notkun. Við verðum að leggja áherslu á góða meðferð bóka og annarra muna skólans, því góð umgengni og góð meðferð á námsbókum gefur skólanum aukið svigrúm til meiri fjölbreytni í námsgögnum. Skólinn hefur ákveðinn kvóta til ráðstöfunar ár hvert. Eftir því sem meðferð margnota bóka er betri og skil markvissari þá nýtist kvótinn betur í þeim tilgangi að kaupa ný og fjölbreyttari námsgögn. Við biðjum foreldra að koma að þessu máli með okkur og fylgjast með því að bækur safnist ekki fyrir á heimilunum. Glati nemandi námsbók í eigu skólans fær hann nýja gegn greiðslu.

Skólinn kaupir námsgögn fyrir nemendur þeim að kostnaðarlausu. Foreldrar sjá um íþróttafatnað og ritföng til notkunar heima fyrir.

Frístund

Nemendum í 1. - 4. bekk gefst kostur á að vera í frístund eftir að skóladegi lýkur og til kl. 16:00. Umsóknir um frístund eru rafrænar í gegnum [heimasíðu](#) skólans. Frístund er að jafnaði opin alla virka daga skólaársins. Frístund er lokuð í jóla- og páskafrii, skólasetningu, skólaslitum og á einstaka starfsdögum.

Móttaka nýrra nemenda

Þegar nýr nemandi kemur í skólann er mælt til þess að foreldrar eða forráðamenn komi með nemandanum og hitti skólastjórnendur. Skólastjórnendur kynna hann fyrir væntanlegum umsjónarkennara, ræða við nemandann og reyna að komast að þörfum hans og væntingum.

Þá er haft samband við þann skóla sem nemandinn var áður í og afla upplýsinga og gagna um gengi nemandans í gamla skólanum. Umsjónarkennari aflar þessara gagna í samráði við skólastjórnendur.

Nýja nemendur að hausti leiða skólastjórnendur um ganga og kynna þeim skólann og starfslið og segja þeim frá síðum og venjum. Gjarnan er reynt að virkja aðra nemendur til að vera nýjum nemanda innan handar.

Reglur um skólavist fósturbarna í leik- og grunnskóla í Húnaþingi vestra

Reglur um skólavist fósturbarna má finna á [heimasíðu](#) skólans.



Móttaka nemenda í 1. bekk / samskipti við leikskóla

Markmið samskipta grunn- og leikskóla eru að tryggja samfellu í námi nemenda og öruggan flutning nemenda milli skólastiga. Með því er átt við að samvinna og samráð sé milli stofnanna, stjórnenda þeirra og kennara um námsefni og aðferðir. Lesa má nánar um samstarf leik- og grunnskóla [hér](#).

Móttaka nýrra íslendinga

Móttökuáætlun nýrra íslendinga má nálgast á [heimasíðu](#) skólans.

Frímínútur

Í frímínútum er miðað við að nemendur fari út að viðra sig. Skólaliðar og stuðningsfulltrúar sinna gæslu í þessum frímínútum sem og á öðrum tímum. Er það þeirra ákvörðun hvenær brugðið er út af þessari reglu. Foreldrum er bent á nauðsyn þess að klæða börn sín alltaf eftir veðri.

Slysatrygging skólabarna

Allir nemendur sem skráðir eru í Grunnskóla Húnaþings vestra eru tryggðir slysatryggingu skólabarna. Nær tryggingin til slysa, sem falla undir skilmála váttryggingarinnar, sem verða á öllum atburðum sem falla undir skólastarf en tryggingin nær ekki til tjóns eða skemmda á eigum nemenda. Að öðru leyti vísast til skilmála fyrir slysatryggingu skólabarna. Trygging þessi er ekki skyldutrygging, en sveitarfélagið og skólinn ákváðu að kaupa þessa tryggingu.

Þjófnaður og skemmdir

Skólinn bætir ekki skemmd eða stuld á eigum nemenda. Foreldrar geta athugað með heimilistryggingu sína, þ.e. hvort og hvernig hún bætir slíkt tjón ef upp koma. Ef nemendur verða valdir að skemmdum í skólanum áskilur skólinn sér rétt til að fara fram á það við foreldra þeirra barna að þeir bæti tjónið.

Menntastefna - aðgerðaráætlun

Menntastefna Húnaþings vestra tekur mið af aðalnámskrá leik- og grunnskóla, Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, læsis- og stærðfræðistefnu skólanna og skólum á grænni grein. Megininntak stefnunnar er að koma til móts við alla, á forsendum hvers og eins. Kjarninn liggur í skapandi hugsun og áherslu á að efla sjálfstæði og sjálfsöryggi nemenda. Með því að hlúa vel að þessum þáttum elur samfélagið af sér sterka einstaklinga sem skila sér inn í atvinnulífið með fjölbreytta hæfileika og styrk til að takast á við flókin verkefni. Framtíðarsýn skólastarfs í Húnaþingi vestra felur í sér heilsuefandi skólasamfélag sem er framsækið og hlúir vel að nemendum og starfsfólki í faglegu starfi.

Stefnan gildir um allt skólastarf í Húnaþingi vestra og nær því yfir leik- og grunnskóla, tónlistarskóla og frístundastarf á vegum grunnskóla. Einnig var haft samráð við félagsmiðstöð, íþróttastarf og dreifnám við mótun stefnunnar. Markmið stefnunnar er að samfella verði í námi barna og unglunga í Húnaþingi vestra, auka samvinnu allra skólastiga og tengja félagsmiðstöð og íþróttastarf betur við skólann. Einnig er sérkaflí í stefnunni er varðar nám í heimabyggð að loknu skyldunámi.

Stefnuna má nálgast [hér](#).



Skólastarfið

Mat á skólastarfinu

Mat á skólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat skóla, unnið af starfsmönnum hans. Með ytra mati er hins vegar átt við úttekt á starfsemi skóla, unnið af utanaðkomandi aðilum. Í gildandi lögum um grunnskóla eru ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat. Skólum er frjálst hvaða aðferðum þeir beita en á fimm ára fresti mun menntamálaráðuneytið gera úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólarnir nota. Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að því að bæta árangur af skólastarfi, þ.e. að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum.

Matsteymi skólans fundar reglulega á skólaárinu og er það skipað skólastjórnendum, fulltrúm kennara og fulltrúa annarra starfsmanna.

Endurmenntun starfsfólks

Endurmenntun starfsmanna fer að stórum hluta fram með samstarfi við skólana í A-Húnavatnssýslu og í samstarfi við leikskóla og Fjölskyldusvið Húnaþings vestra.

Skipulag og ábyrgð

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að aukinni teymisvinnu og -kennslu, auk aukins samstarfs milli kennara og stuðningsfulltrúa. Sú vinna hefur gengið vel og er markmiðið að efla slíka vinnu enn frekar.

Kennarar í hverri grein skipuleggja kennslu sína í samræmi við markmið skólanámskrár og bera ábyrgð á framkvæmd hennar. Gerðar eru kennsluáætlanir fyrir hverja námsgrein í hverjum bekk sem birtar eru á heimasíðu og sendar foreldrum.

Umsjónarkennarar eiga að fylgjast náið með námi sinna umsjónarnemenda og vera tengiliðir skólans við foreldra.

Aðstoðarskólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd stoðþjónustu og sér- og stuðningskennslu í skólanum. Það er hins vegar hlutverk sérkennara hverju sinni að sjá um framkvæmd sérkennslunnar til sinna nemenda í nánu samstarfi við viðkomandi umsjónarkennara eða sérgreinakennara. Kennararnir þurfa að vinna vel saman á jafnræðisgrundvelli og þurfa þeir að koma sér saman um ákveðna verkaskiptingu eftir því hvað þykir eðlilegt hverju sinni. Það er ábyrgð umsjónarkennara eða sérgreinakennara að kalla eftir aðstoð stoðþjónustu ef honum sýnist nemandinn ekki geta fylgt hefðbundnu mynstri.

Nánari upplýsingar um hlutverk og skiptingu ábyrgðar er að finna í starfslýsingum og erindisbréfum starfsmanna.

Kennsluaðferðir

Í skólastarfinu á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum enda segir í stefnu skólans að mæta eigi fjölbreyttum þörfum nemenda í námi. Við val á kennsluaðferðum þarf að taka tillit til þeirra markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni, eðlis viðfangsefnis og námsumhverfis. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu leiðirnar til að ná markmiðunum og til þess hafa kennarar skólans frelsi enda byggja þeir á faglegu námi og reynslu á sínu sviði. Lögð er áhersla á að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar. Áhersla er lögð á að nám í upplýsingatækni fléttist inn í nám nemenda í sem flestum námsgreinum. Áhersla er á leiðsagnarmat á öllum aldursstigum skólans.



Stuðningur

Grunnskóli Húnaþings vestra leggur áherslu á sveigjanleika í sér- og stuðningskennslu. Mikilvægt er að hafa þarfir, getu og metnað hvers og eins nemanda í huga þegar sér- og/eða stuðningskennsla er skipulögð. Kennarar og foreldrar biðja um úrræði til nemendaverndarráðs sem vísar til stoðþjónustu sem ákveður úrræði. Miðað við þær óskir er öll vinna sérkennara og stuðningsfulltrúa skipulögð. Kennarar eru því ábyrgir fyrir nemendum sínum en óska aðstoðar. Sjá nánar kafla um stoðþjónustu skólans.

Markmið námsgreina og námsþátta

Markmið námsgreina fara í flestum tilfellum eftir fyrirmælum Aðalnámskrár grunnskóla. Gerð er grein fyrir þessum markmiðum í kennsluáætlunum, skólanámskrá svo og þeim markmiðum sem skólinn hefur sett sér sérstaklega og er þá átt við þau markmið sem eiga við viðkomandi námshóp eða bekk. Í sumum tilfellum fer kennsla nemenda hins vegar eftir markmiðum skv. einstaklingsnámskrám sem útbúnar eru í samstarfi kennara, sérkennara og foreldra. Kennsluáætlanir má finna á [heimasíðu](#) skólans.

Skipulag og viðburðir

Nemendafjöldi

Skólaárið 2024-2025 eru 123 nemendur í 10 bekkjardeildum.

1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
8	13	13	13	10	18	7	15	13	13

Skólatími

Kennt er 180 daga á ári.

Skólatími hjá 1.-4. bekk : 8:20 - 13:20 mánudaga og föstudaga, 8:20 - 14:20 þriðjudaga - fimmtudaga.

Skólatími hjá 5.- 7. bekk 8:20 - 14:20 mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga, 8:20 - 13:50 þriðjudaga og 8:20 - 13:20 föstudaga.

Skólatími hjá 8. - 10. bekk 8.20 - 14.20 mánudaga - fimmtudaga, 8:20 - 13:20 föstudaga

Skóladagatal

Skóladagatalið gerir ráð fyrir 180 dögum. Á skólaárinu 2024-2025 eru alls 4 skertir dagar, það eru dagar þar sem nemendur mæta aðeins hálfan dag eða hluta úr degi. Það eru skólasetning og þrír viðtalsdagar. Skólaárið 2024-2025 eru þrír tvöfaldir dagar en það eru menntabúðir, árshátíð og skólaslit. Jólaleyfi nemenda er frá og með 20. desember til og með 3. janúar. Páskaleyfi nemenda er frá og með 14. apríl til og með 21. apríl. Starfsdagar innan skólaársins eru fimm talsins. Vetrarfrí eru fjórir dagar, þ.e. 18. og 21. október og 6. og 7. mars. Skóladagatalið má nálgast á [heimasíðu](#) skólans.



Viðmiðunarstundaskrá

Viðmiðunarstundaskrá Grunnskóla Húnaþings vestra 2024-2025

(Gulir reitir eru viðmiðunartölur Aðalnámskrár grunnskóla) Hver kennslustund er 30 mínútur

	1. b	2. b	3. b	4. b	5.-4. b	Mínútur	Mínútur	Viðm. 1-4	5. b	6. b	7. b	8.-7. b	Mínútur	Viðm.	8. b	9. b	10. b	8.-10. b	Mínútur	Viðm.	
Íslenska	13	12	10	10	45	1350	1350	1120	8	8	8	24	720	720	680	7	7	7	21	630	630
Erl. tungum. - danska					0	0	90	80	2	2	2	6	180	540	460	4	4	4	12	360	810
Erl. tungum. - enska	0	1	1	1	3	90			4	4	4	12	360		5	5	5	15	450	840	
List- og verk - heim.	1	1	1	1	4	120			2.3	2.3	2.3	6.9	207		1	1	1	3	90		
List- og verk - smíði	2	2	2	2	8	240			2.3	2.3	2.3	6.9	207		1	1	1	3	90		
List- og verk - textíl	2	2	2	2	8	240	960	900	2.3	2.3	2.3	6.9	207	918	840	1	1	1	3	90	450
List- og verk - mynd	1	1	1	1	4	120			2.3	2.3	2.3	6.9	207		1	1	1	3	90		
List- og verk - annað	2	2	2	2	8	240			1	1	1	3	90		1	1	1	3	90		
Náttúragsreinar	4	4	4	4	16	480	480	420	4	4	4	12	360	360	340	4	4	4	12	360	360
Skólaþróttir	4	4	4	4	16	480	480	480	4	4	4	12	360	360	360	4	4	4	12	360	360
Samfélagsgr.	4	4	4	4	16	480			5	5	5	15	450	540	600	3	3	3	9	270	360
Samf.gr. umsjón	1	1	1	1	4	120	600	580	1	1	1	3	90	540	600	1	1	1	3	90	360
Stærðfræði	7	7	7	7	28	840	840	800	7	7	7	21	630	630	600	7	7	7	21	630	630
Upp- og tæknim.			2	2	4	120	120	120	2	2	2	6	180	180	160	1	1	1	3	90	90
Val					0	0	0	300				0	0	160	6	6	6	18	540	540	
Valgreindagur					0	0						0			2.5	2.5	2.5	7.5	225	225	
					0	0						0							0		
Víkust. alls:	41	41	41	41	120	4920	4920	4800	47.2	47.2	47.2	107	4248	4248	4200	49.5	49.5	49.5		4455	4455

Umframminútur á bekk á viku

30

16

5

Stundaskrár nemenda

Stundaskrár nemenda má nálgast inni á [Mentor](#).



Starfsáætlun nemenda

Starfsáætlun nemenda haust 2024	
22. ágúst 2024	Skólasetning Skólasetningin fer fram í matsal grunnskólans að foreldrum viðstöddum. Að loknu ávarpi skólastjóra fara nemendur og foreldrar með umsjónarkennurum sínum í kennslustofur.
30. ágúst 2024	Starfsdagur Haustþing kennara og annars starfsfólks
4. September 2024	Skólafærinámскеið - 1. bekkur
5. September 2024	Lota 1 hefst í valgreinum á unglíngastigi
18. september 2024	Umhverfisdagur. Sameiginlegur umhverfisdagur leik-, grunn- og tónlistarskóla
23. September 2024	Starfsdagur Fristund er opin þennan dag.
4. október 2024	Starfsdagur Fristund er opin þennan dag.
2. október 2024	Valgreinadagur á unglíngastigi Sameiginlegur valgreinadagur með unglíngastigi grunnskólanna í Austur-Húnavatnssýslu. Valgreinadagurinn fer fram á Hvammstanga.
8. október 2024	Viðtalsdagur Fristund er opin þennan dag.
14. - 17. október 2024	Menntabúðir mið- og unglíngastígs Í þessari viku verður boðað til menntabúða hjá mið- og unglíngastigi
18. október 2024	Vetrarfrí
21. október 2024	Vetrarfrí
25. október - 1. nóvember 2024	Uppbrotsdagar Undirbúningur fyrir árshátíð.
1. nóvember 2024	Árshátíð Árshátíð haldin í félagsheimili kl. 18:15.
8. nóvember 2024	Baráttudagur gegn einelti
13. nóvember 2024	Menntabúðir 2. - 4. bekkjar.
4. desember 2024	Uppbrotsdagur Laufabrauðsgerð, jólastúss
12. desember 2024	Jólatónleikar tónlistarskólans
19. desember 2024	Litlu jól Stofujól og svo borða allir nemendur og starfsmenn saman í matsal skólans.



Starfsáætlun nemenda vor 2025	
2. janúar 2025	Frístund lokuð
3. janúar 2025	Starfsdagur Frístund er opin þennan dag
6. janúar 2025	Kennsla hefst eftir jólafrí
6. - 9. janúar 2025	Reykjaskóli 7. bekkur fer í skólabúðir á Reykjaskóla
20. janúar 2025	Starfsdagur Frístund er opin þennan dag
21. janúar 2025	Viðtalsdagur Frístund er opin þennan dag
16. janúar 2025	Söngvarakeppni - óstaðfest tímasetning
12 febrúar - 4. mars 2025	Danskennsla Jón Pétur mætir á svæðið og kennir nemendum dans sem endar svo að venju á glæsilegri sýningu kl. 13:00 þann 4. mars.
5. mars 2025	Öskudagur Hefðbundin kennsla fram eftir morgni. Öskudagsgleði í íþróttahúsinu.
6. - 7. mars 2025	Vetrarfrí
14. mars 2025	Dagur stærðfræðinnar
19. mars 2025	Alþjóðlegi bókadagurinn. Vinnum skemmtileg verkefni í tengslum við hann.
20. mars 2025	Valgreinadagur á unglíngastigi Sameiginlegur valgreinadagur með unglíngastigi grunnskólanna í Austur-Húnavatnssýslu. Valgreinadagurinn fer fram á Skagaströnd.
20. mars 2025	Framsagnarkeppni Nemendur úr 7. bekk Grunnskóla Húnaþings vestra taka þátt í framsagnarkeppni. Tímasetning óstaðfest.
11. apríl 2025	Viðtalsdagur
14. - 21. apríl 2025	Páskafrí - frístund lokuð
24. apríl 2025	Sumardagurinn fyrsti
29. apríl 2025	Íþróttadagur á unglíngastigi Sameiginlegur íþróttadagur hjá unglíngastigi Húnaþingi vestra og grunnskólum í Austur-Húnavatnssýslu. Íþróttadagurinn fer fram á Hvammstanga.
30. apríl 2025	Umhverfisdagur. Sameiginlegur umhverfisdagur leik-, grunn- og tónlistarskóla
1. maí 2025	Verkalýðsdagurinn
14. maí 2025	Vortónleikar tónlistarskólans
15. maí 2025	Íþróttadagur 5. - 7. bekkjar Sameiginlegur íþróttadagur hjá miðstigi í Húnaþingi vestra og grunnskólum í Austur-Húnavatnssýslu. Íþróttadagurinn fer fram í Húnabyggð.
27. maí 2025	Uppbrotsdagur
28. maí 2025	Uppbrotsdagur
29. maí 2025	Uppstigningardagur
3. júní 2025	Starfsdagur
4. júní 2024	Vorhátíð - verður haldin kl. 9 - 12. Skólaslit fara fram í íþróttahúsinu kl. 17:00



Valgreinar

Stundaskrá er sett upp með valgreinum eftir hádegi á fimmtudögum (2x1 klst) og föstudögum (1x 1 klst) í fjórum lotum. Nemendur velja að hausti í lotu 1 og 2 en eftir áramót í lotu 3 og 4. Miðstig fær einnig 1x klst á viku í valgreinar og er sami háttur á og í vali nemenda á unglिंगastigi.

Skólaárið 2024-2025 eru eftirfarandi valgreinar í boði á unglिंगastigi:

- Aftur nýtt
- Bakstur
- Dagbókin mín
- Fréttastofa nemenda
- Hannyrðakósý
- Hlaup og þrek
- Húsbandið
- Jóga
- Knapamerki
- Kvikmyndaval
- Leikskólafjör
- Metið val
- Píla
- Podcast
- Sjálfstyrking
- Skólahreysti
- Skólavinir

Á miðstigi eru eftirfarandi valgreinar í boði skólaárið 2024-2025:

- Badminton
- Kvikmyndir
- Ljósmyndun
- Píla
- Spil
- Tölvur

Bekkjarfundir

Samkvæmt eineltisáætlun skólans er miðað við að haldnir séu bekkjarfundir í hverjum bekk vikulega þar sem tekin eru fyrir ýmis málefni sem snerta bekkinn og samskipti innan hans.

Markmið bekkjarfundanna er að bæta bekkjar- og skólabraginn. Að þjálfa nemendur í að ræða saman og tjá skoðanir sínar á málefnalegan hátt, auka traust á milli nemenda og virðingu þeirra fyrir öðrum. Þannig er komið í veg fyrir árekstra og unnið úr því sem upp á kemur.

Árshátíð

Árshátíð skólans er haldin í nóvember. Það er sameiginleg hátíð allra nemenda skólans og er markmiðið að allir taki virkan þátt í árshátíðinni og að sem flestir stígi á stökk. Árshátíðin er haldin í Félagsheimilinu Hvammstanga.

Söngvarakeppni

Söngvarakeppni skólans er haldin í janúar ár hvert. Þá hafa nemendur í 4.-10. bekk tækifæri til að stíga á svið við undirleik hljómsveitar og láta ljós sitt skína. Allur ágóði rennur til nemendafélagsins.



Morgunsöngur

Nemendur og starfsmenn á yngra stigi skólans koma saman í stutta stund einu sinni í viku og syngja saman undir stjórn tónlistarskólustjóra.

Ólympíuhlaup ÍSÍ

Hefð er fyrir því að allir nemendur skólans taki þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ að merktum stöðum, 2km, 5km og 10 km. Að hlaupi loknu er boðið upp á léttar veitingar í matsal skólans. Starfsmenn eru hvattir til að hlaupa með og aðstoða við framkvæmd hlaupsins.

Skólabúðadvöl

Ár hvert fara nemendur 7. bekkjar í Ungmennabúðir UMFÍ að Reykjum. Þar dvelja nemendur frá mánudegi til fimmtudags við leik og störf. Nemendur eða foreldrar greiða mótuneytiskostnað þessa daga en skólinn tekur þátt í kostnaðinum. Mælumst við til að allir nemendur sækji þessa daga. Skólabúðirnar setja nemendum sem heimsækja þær sérstakar reglur sem þeir verða að virða. Umsjónarkennari dreifir nánari upplýsingum nokkru fyrir brottför.

Ferðalög nemenda

Eftirtalin skólaferðalög eru farin á vegum Grunnskóla Húnaþings vestra. Eru þau fjármögðuð af ferðasjóði nemenda.

- 1.-4. bekkur fer árlega á haustdögum í eins dags ferðalag innan sveitar.
- 5.-7. bekkur fer árlega á haustdögum í eins dags ferðalag í næstu sýslur.
- 5.-10. bekkur fer dagsferð í Tindastól
- 8.-10. bekkur fer til Reykjavíkur og hvetur Skólahreystilið skólans áfram
10. bekkur. fer árlega í vorferð sem er skipulögð ferð innanlands.

Rétt er að taka fram að skólareglur gilda að sjálfsögðu í þessum ferðalögum.

Skólaheimsókn / íþróttadagur / valgreinadagar

Skólinn er í samstarfi við skólana í Austur-Húnavatnssýslu bæði í tengslum við íþróttadag á mið- og unglíngastigi og valgreinadaga á unglíngastigi. Nemendur í Húnaþingi vestra og Austur Húnavatnssýslu skiptast á heimsóknum þar sem nemendur koma saman, keppa í íþróttum, halda kvöldvökur og stíga dans. Íþróttakennari eða íþróttakennarar þess skóla sem býður heim í hvert sinn skipuleggur dagskrá íþróttadaga en undirbúningur valgreinadaga er á höndum skólustjórna.

Framsagnarkeppni

Nemendur 7. bekkjar taka þátt í upplestrarkeppni grunnskólans. Umsjónarkennari sér um þjálfun nemendanna í upplestri og framsögn, þeir keppa síðan innbyrðis og veitt eru verðlaun fyrir upplestur. Hefð er fyrir því að nemendum 6. bekkjar sé boðið að sjá keppni 7. bekkinga.

Nemendadagur

Í farvatninu er að taka aftur upp svokallaðan nemendadag þar sem nemendaráð fær í hendur stjórn skólans og skipuleggur skólastarfið. Þessi hefð hefur legið niðri í einhvern tíma.



Vordagar

Síðustu daga skólaársins skipuleggjum við vordagskrá. Er þá hefðbundinni kennslu lokið. Er um þemavinnu að ræða.

Skólaslit – viðurkenningar

Í skólanum eru haldin formleg skólaslit í íþróttamiðstöð Húnaþings vestra. Þar fá nemendur afhentan sinn vitnisburð, auk þess sem allir nemendur 10. bekkjar fá viðurkenningu og bókagjöf. Skólastjóri heldur stutta ræðu, gestir taka til máls og flutt eru tónlistaratriði.

Lestrarnám

Lestur er undirstaða alls náms. Hann kemur við sögu í öllum námsgreinum og í mörgum þáttum daglegs lífs. Lestrarkunnátta er lykill að því að afla sér þekkingar. Afar mikilvægt er að börn nái góðu valdi á lestri á fyrstu námsárum sínum. Því er augljóst að miklu máli skiptir að rétt sé að málum staðið við lestrarþjálfun. [Læsisstefna](#) skólans tekur nánar á öllum þáttum læsiskennslu í skólanum.

Sérstakar áherslur í skólastarfi skólaárið 2024-2025

Fyrir utan hefðbundið daglegt skólastarf leggur starfsfólk skólans sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti í skólastarfinu: Byrjendalæsi, Orð af orði, Leiðsagnarnám, teymiskennslu, ART og jákvæðan aga.

Námsmat

Formlegt mat

Formlegt mat köllum við þegar kunnátta nemenda er metin með formlegum hætti t.d. með því að leggja próf eða kannanir fyrir nemendur eða framkvæma aðrar athuganir á kunnáttu þeirra, færni og viðhorfum.

Óformlegt mat

Óformlegt mat köllum við það þegar kennari metur kunnáttu, færni eða viðhorf á óformlegan máta. Stefnt er að því að óformlegt námsmat eða stöðumat sé afhent foreldrum og nemendum í tengslum við viðtalsdaga á miðjum önnum. Þá er stefnt að því að nemendur sjálfir séu hvattir til að meta hvernig gengur í náminu.

Námsmat

Námsmat er unnið allt skólaárið en ekki er um að ræða sérstaka prófadaga. Öðrum upplýsingum til mats er einnig safnað jafnt og þétt allan veturinn, s.s. mati á verkefnaskilum, vinnubókum, ástundun, heimanámi o.s.frv. Þessar upplýsingar eiga að vera aðgengilegar fyrir foreldra á vefnum mentor.is. Megintilgangur námsmats er að vera til leiðsagnar um hvað megi betur fara og hvetja nemandann áfram í námi.

Vitnisburðarbækur

Hver nemandi fær afhenta vitnisburðarbók í lausblaðaformi þar sem hann safnar saman sínum vitnisburði í Grunnskóla Húnaþings vestra en formlegur vitnisburður er afhentur í lok hvernar annar.



Upplýsingaskylda

Foreldrar og nemendur eiga rétt til að skoða metnar próflausnir nemenda og annað sem liggur til grundvallar námsmati. Slíkar óskir þurfa að berast til viðkomandi kennara.

Á [heimasíðu](#) skólans má lesa nánar um hvernig námsmati í Grunnskóla Húnaþings vestra er háttað.

Samstarf heimila og skóla

Grunnskóli Húnaþings vestra leggur mikla áherslu á gott samstarf við heimilin. Til þess að svo megi vera þurfa báðir aðilar að leggja nokkuð af mörkum. Nánar má lesa um samstarf heimila og skóla [hér](#).

Foreldrafélag

Samkvæmt 9. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 skal starfa foreldrafélag. Stjórn foreldrafélags Grunnskóla Húnaþings vestra skipa:
Elsche Oda Apel, formaður
Herdís Harðardóttir, varaformaður
Elísabet Sif Gísladóttir, gjaldkeri

Varamenn eru: Hjördís Bára Sigurðardóttir, Ingvar Óli Ólafsson og Eva Lind Helgadóttir.

Nánar má lesa um foreldrafélagið og lög þess [hér](#).

Stoðþjónusta

Um stoðþjónustu skólans

Grunnskóli Húnaþings vestra leggur áherslu á sveigjanleika í stoðþjónustu. Mikilvægt er að hafa þarfir, getu og metnað hvers og eins nemanda í huga þegar sér- og/eða stuðningskennsla er skipulögð. Nánar má lesa um fyrirbyggjandi athuganir og mat og annað sem snýr að stoðþjónustu skólans á [heimasíðu](#) skólans.

Ráðgjafi

[Ráðgjafi](#) við grunnskólann er Fanney Dögg Indriðadóttir og er hún með fasta viðveru í grunnskólanum þar sem hún veitir viðtöl og ráðgjöf í samráði við umsjónarkennara og foreldra.

Nemendur og foreldrar eru hvattir til að nýta sér aðstoð ráðgjafa. Hægt er að hafa samband með því að fylla út eyðublað á [heimasíðu](#) skólans.



Skólahjúkrun

Skólahjúkrunarfræðingar Grunnskóla Húnaþings vestra eru Liljana Milenkoska og Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

Sími 432-1300. Netföng: liljana.milenkoska@hve.is og thorbjorg.i.asbjarnadottir@hve.is

Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vill vinna í náinni samvinnu við foreldra / forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um skólahjúkrun má finna á [heimasíðu](#) skólans.

Sálfræðiþjónusta

Sálfræðingur sveitarfélagsins er ekki með fasta viðveru í skólanum og fara allar beiðnir um sálfræðiaðstoð í gegnum nemendaverndarráð. Eyðublöð eru rafræn á [heimasíðu](#) skólans.

Félagsþjónusta

Sigurður Þór Ágústsson er sviðsstjóri fjölskyldusviðs Húnaþings vestra og starfsmaður félagsmálaráðs og barnaverndarnefndar. Sími: 455-2400 Netfang: siggi@hunathing.is

Félagsþjónustan kemur að málum barna þegar um er að ræða vanrækslu á börnum, uppeldisvanda, persónulega erfiðleika, vanlíðan eða erfiðleika í fjölskyldunni. Eins kemur félagsþjónustan að málefnum fatlaðra barna, barna með sérþarfir og í raun allra barna þar sem um er að ræða að setja inn sérstök stuðningsúrræði fyrir barnið eða fjölskylduna. Skólinn getur í gegnum nemendaverndarráð haft milligöngu um að útvega félagsleg úrræði fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra.

Ráð, nefndir og reglur

Yfirstjórn skólans

Mennta- og barnamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög um grunnskóla taka til og hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem löggin setja og reglugerðir sem þeim fylgja og Aðalnámskrá grunnskóla kveða á um. Öll málefni grunnskólans falla undir sveitarstjórn og ber hún ábyrgð á rekstri hans. Sveitarstjóri í umboði hennar er æðsti yfirmaður sveitarfélagsins. Fræðslu- og félagsmálastjóri er næsti yfirmaður skólastjóra.

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskólans, stjórnar honum og ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forystu, aðstoðarskólastjóri er staðgengill hans. Skólastjóri fer með daglega yfirstjórn skólans.

Skólaráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og fræðsluráðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið.

Fræðsluráð

Fræðsluráð Húnaþings vestra fer með hlutverk skólanefndar skv. grunnskólalögum. Hlutverk skólanefndar er m.a. að sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún



skal staðfesta áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í skólahverfinu. Í sveitarfélögum þar sem skólahverfi eru fleiri en eitt skal áætlun um starfstíma nemenda jafnframt staðfest af viðkomandi sveitarstjórn. Skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi. Jafnframt skal skólanefnd stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla. Skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu og að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Skólanefnd ásamt skólastjóra lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sitja fundi fræðsluráðs þegar fjallað er um málefni grunnskólans, þá sitja fundinn einnig fulltrúi kennara og fulltrúi foreldra í skólaráði fundina.

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Nánar má lesa um hlutverk og skipan skólaráðs á [heimasíðu](#) skólans.

Nemendaverndarráð

Við skólann starfar nemendaverndarráð sem skipað er skólastjórnendum og fulltrúum stoðþjónustu skólans.

Nemendaráð

Við skólann starfar nemendaráð sem skipað er tveimur fulltrúum úr 10. bekk og fimm fulltrúum úr 5.-9. bekk, einum úr hverjum árgangi. Sá fulltrúi 10. bekkjar sem flest atkvæði hlýtur er formaður ráðsins. Nemendaráð vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skulu skólastjórnendur sjá til þess að ráðið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendaráð á skv. lögum að fá skólanámskrá til umsagnar og aðrar áætlanir er varða skólahaldið. Skólastjórnendur funda reglulega með nemendaráði. Nánari upplýsingar um nemendaráð má finna á [heimasíðu](#) skólans.

Skólareglur

Skólareglur má nálgast á [heimasíðu](#) skólans.

Viðbrögð við agabrotum

Að öllu jöfnu skulu viðbrögð við brotum á skólareglum vera skv. ákveðnu ferli sem finna má á [heimasíðu](#) skólans.

Síma- og snjalltækjareglur

Síma og snjalltækjareglur Grunnskóla Húnaþings vestra má finna á [heimasíðu](#) skólans en þær voru endurskoðaðar á síðasta skólaári.



Áætlanir

Eineltisáætlun

Eineltisáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra, upplýsingar um eineltisteymi skólans og fyrirbyggjandi aðgerðir má nálgast [hér](#).

Áfallaáætlun

Áfallaáætlun skólans er ætlað að skýra aðgerðir skólans vegna meiriháttar áfalla sem tengjast nemendum s.s. slysum eða andlátum. Ef um er að ræða ýmis önnur áföll s.s. skilnað foreldra, alvarleg veikindi aðstandenda eða nemanda, slys í umhverfinu, andlát vina, ættingja og fleiri getur einnig verið ástæða til að kalla saman áfallateymi skólans.

Verði umsjónarkennari var við breytingu á hegðun, námsárangri eða líðan nemanda ber honum að ræða við nemandann einslega eða í samvinnu við skólastjórnendur.

Skólastjórnendur og umsjónarkennari virkja það starfsfólk skólans sem þurfa þykir til að aðstoða nemandann.

Í áfallateymi sitja skólastjórnendur, umsjónarkennari viðkomandi nemanda, sóknarprestar, skólahjúkrunarfræðingur, öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður.

Áfallaáætlun skólans má nálgast [hér](#).

Árvekni- og viðbragðsáætlun skólans v. ofbeldis

Á [heimasíðu](#) skólans má finna árvekni og viðbragðsáætlun skólans v. ofbeldis.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun má nálgast á [heimasíðu](#) skólans.

Mannauðsstefna

Mannauðsstefna Húnaþings vestra gildir fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra. Hana má nálgast á [heimasíðu](#) sveitarfélagsins.

Endurmenntunarstefna

Markmið endurmenntunarstefnu skólans er að tryggja að starfsmenn skólans hafi yfir að ráða yfirgripsmikilli þekkingu á þeim efnispáttum sem koma starfi þeirra við. Ætíð skal stefnt að því að starfsmenn séu að bæta við þekkingu sína og bæta sig í starfi og skal miðað við að þeir fái jafnan tækifæri til þess. Starfsþróunaráætlun 2024-2025 tekur nánar á endurmenntun.



Samstarfsaðilar

Félagsmiðstöð / tómstundafulltrúi

Félagsmiðstöðin Óríon er starfrækt á Hvammstanga. Félagsmiðstöðin stendur fyrir öflugum félagsstarfi og er gott samstarf og samráð á milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Allt starf sem hún stendur fyrir er á ábyrgð hennar.

Tónlistarskóli

Tónlistarskóli Vestur-Húnavatnssýslu er staðsettur í húsnæði grunnskólans.

Nemendur í 8. - 10. bekk Grunnskólans, sem einnig eru í tónlistarnámi geta valið tónlist sem valgrein. Fari nemendur úr kennslustund í tónlistartíma er það á ábyrgð þeirra og foreldra að nemandi vinni upp það sem þeir fóru á mis við í tímanum. Nemendur tónlistarskólans flytja tónlist við hátiðleg tækifæri í Grunnskólanum. Nemendur í tónlistarnámi hafa fengið tækifæri til að leika á hljóðfæri sín fyrir bekkjarfélaga sína innan grunnskólans og í leikskólanum.

Íþróttafélög

Gott samstarf er við þá aðila sem koma að íþrótt- og félagsmálum í sveitarfélaginu t.d. hvað varðar félagsstarf, íþróttæfingar, keppnisferðir og önnur sameiginleg hagsmunamál.

Lögreglan

Samstarf lögreglunnar og grunnskóla hefur fram til þessa verið nær eingöngu bundið við umferðarfræðslu og forvarnarfræðslu.

Kirkjan

Gott samstarf er milli kirkjunnar og skólans. Prestar annast fermingarfræðslu barna á 14. ári. Prestar leitast við að skipuleggja barna- og unglingastarf í samráði við skóla, ungmennafélag og tónlistarskóla til að forðast óþarfa árekstra.

Starfsmenn kirkjunnar er velkomnir inn í skólann t.d. vegna kynningar á kirkjustarfi. Er það þá gert og skipulagt í samráði við skólastjóra. Prestar eru boðnir og búnir til að sinna sálgæslu meðal nemenda sem og starfsmanna. Prestar bjóða skólanum að beina nemendum til sín ef talin er þörf á þriðja aðila t.d. vegna vanlíðunar, agamála o.s.frv. Sama gildir um starfsmenn sem skólayfirvöld telja að þyrftu sálusorgunar við. Skólinn metur hvenær prestur væri rétti samstarfsaðilinn og hvenær einhver annar s.s. sálfræðingur, læknir eða félagsmálastjóri. Sóknarprestur í Breiðabólsprestakalli er sr. Magnús Magnússon á Hvammstanga s. 451-2840 /895-2243 netfang; magnus.magnusson@kirkjan.is

Leikskóli

Gott samstarf hefur verið við leikskólann Ásgarð. Lesa má nánar um samstarf leik- og grunnskóla [hér](#).

Framhaldsskóli

Samstarf hefur verið við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra þar sem nemendur hafa átt kost á því að taka framhaldsskólaáfangu frá FNV hafi þeir náð öllum þeim hæfniviðmiðum sem ljúka þarf við lok grunnskóla.



Ráðningar

Sveitarstjórn ræður skólastjóra Grunnskólans að fenginni tillögu fræðsluráðs. Skólastjóri hefur heimild til tímabundinna ráðninga í samræmi við stöðuheimildir fjárhagsáætlunar. Starfsmenn Grunnskóla Húnaþings vestra eru ráðnir samkvæmt starfslýsingu og ráðningarsamningi. Starfað er skv. starfslýsingum og ráðningarsamningur gerður við hvern og einn. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Tilkynningaskylda til barnaverndarnefnda

Þann 1. janúar 2023 tók Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands til starfa. Þjónustan er samstarf sex sveitarfélaga á Norðurlandi, frá Hrútafirði í vestri að Eyjafirði í austri. Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag í Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands og ber ábyrgð á barnavernd í nánu samstarfi við aðildarsveitarfélögin. Íbúar sem heyra undir þjónustuna eru 9.371, þar af 1.893 börn. Nánar má lesa um Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands [hér](#).

Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna

Þann 1. janúar 2022 tóku í gildi ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Með lögnum er fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning tryggður aðgangur að sérstökum tengilið og/eða málstjóra í nærumhverfi barnsins. Börn og fjölskyldur geta snúið sér til tengiliðar sem leiða mál áfram. Aðgangur að tengilið og málstjóra er tryggður strax frá fæðingu barns og þar til barn er 18 ára og sams konar þjónusta er í boði fyrir foreldra á meðgöngu. Nánar má lesa um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna [hér](#).

Eyðublöð

Öll eyðublöð eru rafræn á [heimasíðu](#) skólans.